



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 9

Staðsetning fundar: Skipulagsstofnun

Dagsetning: 12. desember 2018, 14:00 – 16:00

Mættir eru: Þórhildur, Gyða Mjöll, Kristjana, Olga, Ólafur, Kristján og Bjarni

Fundarritari: Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Efla verkfræðistofa - gyda.mjoll.ingolfsdottir@efla.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir Fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/
olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs – vbr@vbr.is

Dagskrá fundar:

1. Fréttir úr starfinu

- Viðburðir
- Áhrif
- Verkefni

2. Fjármál – yfirlit 2018 og áætlun 2019 (WGBC – markmið)

3. Viðburðir vorönn 2019

4. Dagur Grænni byggðar – hugmyndir

5. Græn pólitík – greinar í blöðin

6. Starfsáætlun 2019 stjórn – Framkvæmdastjóri/árangursmat 2018



7. WGBC – strategy

8. Annað

1. Fréttir úr starfinu

- **Viðburðir**
- **Áhrif**
- **Verkefni**

Það er búið að vera ýmislegt um að vera hjá Grænni byggð í nóvember.

- Hallbara hus i kalt klimat, 5. Nóvember (Grænni byggð keypti bókina)
- Ráðstefna um byggingarúrgang, 8. Nóvember – gekk mjög vel
- Morgunfundir:
 - Viðmið fyrir vistvæna byggingu 22. nóvember
 - Hönnun á gatnamótum fyrir fjölbreyttan ferðamáta 6. desember

Allt mjög vel heppnað. Skemmtilegt samstarf við aðila sem komu að þessum fundum og vel mætt. Þórhildi finnst við hafa fengið góðan hljómgrunn fyrir alla þessa viðburði. Mæting framar væntingum.

Fyrsti fundur um stefnumótun fyrir Grænni byggð hefur farið fram.

Nóg að gera í pólitíkinni :

- Fundur með samgönguráðherra 7. Nóvember – Græn pólitík
- Fundur með Hafnafjarðarbæ 6. Nóvember, Skipulags- og byggingráð Hf. Spurning hvort að sá fundur fái eftirfylgni.
- Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum innspil Grænni byggðar 15. nóvember
- Breyting á byggingarreglugerð vegna orkuskipta í samráðsferli til 17. des
- Fundur með Sigurðu hjá SI. Sá fundur gekk vel. Þar er þáttur í pólitískum áhrifum. Byggingarmálin ættu að fá meiri forgang hjá stjórnvöldum. SI gætu hjálpað okkur að lobbía fyrir fjárhagslega hvata.

Styrkir:

- Þórhildur sótti um rekstrarstyrk frá Umhverfissráðuneytinu fyrir verkefnið: Leiðbeiningar fyrir umhverfisvænan rekstur húsfélaga (vistvænar samgöngur, viðhald, flokkunaraðstaða og fl.)
- Heimsmarkmið og hvatar. Gæti verið sterkt að bæta við fjárhagslegum hvötum. Eigum dönsku og ensku útgáfuna, þarf að þýða. Við vitum að við þurfum eitthvað hvatakerfi.
- Umsókn um rekstrarstyrk 2,5 milljónir
- Umsókn um rannsóknarstyrk með Vista til Landsvirkjunar í bígerð. Framhald orkunotkun og stýring

Vista er búið að mæla orkunýtni nokkurra húsa hér í Reykjavík. Sérfræðingur á þessu sviði sem gerði þá útreikninga. Hálfíslenskur.



Tillaga frá Ólafi: EDP blöð – gætum við verið með stað á heimasíðunni okkar fyrir EPD blöð. Þau eru að verða flóknari. Hafa þetta á heimasíðunni, gátt, gegn vægri greiðslu.

Aðildakönnun:

- Aðildakönnun
- Aðildastefna

Samtal Þórhildar við Katharinu hjá Green Building Council Oslo:

Þeirra leiðir til að ná aðilum – aðilar koma til þeirra. Öðruvísi markaður.

Halda „network“ fundi. Aðilar úr iðnaðinum sjá hag sinn í að hafa áhrif á stefnu félagsins og starfsemi.

Mjög dugleg að halda morgunfundum.

Ná að láta aðilum líða eins og þeir hafi áhrif.

Þjóða upp á 16 klst ráðgjöf á sviði umhverfismála í boði félagsins (valfrjálst hvernig ráðgjöf) fyrir nýja aðila.

Við erum búin að vera mjög rausnarleg í vetur. Athygli á félaginu hefur aukist.

Þurfum ef til vill að þjóða upp á meiri þjónustu fyrir skráða aðila. Það þarf að vera meiri gulrót að vera aðili.

Með slíku fyrirkomulagi er komin skír ástæða til að vera aðili. Kannski 2-3 lokaðir viðburðir á ári. Byggja þetta upp markvisst.

Þurfum að setja fram aðildastefnu – Þórhildur setur fram punkta, Bjarni og Olga fara yfir. Getum horft til WGBC varðandi þetta.

Norræna ráðherranefndin – væri hægt að leggja upp sóknarfæri tengt því.

2. Fjármál – yfirlit 2018 og áætlun 2019 (WGBC – markmið)

- Félagið gerir ráð fyrir að færa um 3.5 milljónir milli ára
- Hár kostnaður við að fá Erik Werner, norskan ráðgjafa, tap á byggingarúrgangsráðstefnu, deilist á fleiri aðila.

Spurning hvort að það hefði mátt rukka meira inn á ráðstefnuna (7000 kr. þáttökugjald).

Fer svolítið eftir því hvaðan fyrirlesarar koma hvað kostar að fá þá, háskólar, einkageiri, ráðgjafar. Akademían tekur yfirleitt minna fyrir.

Staða Þórhildar á næsta ári:



Hefur ekki óskað eftir 100% starfi í ár. Á næsta ári sér hún fyrir sér að vinna 100%.

Aðildatekjur ættu að fara úr 7 milljónum upp í 9 milljónir.

Varðandi erlenda fyrirlesara ættum við að reyna að halda okkur við akademíuna „Invited Keynote“. Gott á cv þeirra sem halda fyrirlestra.

Það þarf að tryggja að það séu a.m.k. til tveggja mánaða laun fyrir Þórhildi hjá félaginu. Þyrfti að tryggja það í stefnu félagsins.

Laun Þórhildar eru hæsti útgjaldaliður félagsins.

Purfum að spýta í varðandi nýja aðila og verkefnahugmyndir. Það er á brattann að sækja.

3. Viðburðir vorönn 2019

James Drink Water frá Grænni byggð mun koma á Dag grænni byggðar. Tekur ekki mikið fyrir vegna aðildar okkar að WGBC. Þá væri sterkt að hafa þá lokaðan viðburð fyrir aðila með honum. Velja eitthvað áhugavert efni sem hann gæti frætt okkur um.

4. Dagur Grænni byggðar – hugmyndir

Þórhildur er búin að koma á vinnuhópi sem vinnur að því að undirbúa dag Grænni byggðar, aðildafélögum gafst kostur á að taka þátt og buðu nokkrir frambærilegir fulltrúar sig fram.

Fundur með Árna og Agli:

- Loftræsikerfi
- Bílar
- Viðmið fyrir vistvæna byggingu

Væri sterkt að hafa þema á Degi grænnar byggðar. Kannski aðeins sértækara en síðast? Setja fókus á ákveðið málefni. Hugmyndir:

Grænar fjárfestingar og sveitarfélögin – hvert eru þau að stefna í umhverfismálum? Grænar fjárfestingar eru mjög viðeigandi í dag.

Hringrásarhagkerfið – tókum svolítið á þeirri umræðu á úrgangssráðstefnunni. Brennsla á úrgangi.

Hugmynd frá Ragnari: **Mannvirkjagerð í landbúnaði**. Búgreinasamböndin. Bændasamtökin.

Bjarni: **Áhrif rafsegulssvið á fólk**. Áskorun varðandi möstur sem senda frá sér bylgjur. Allir vilja geta nýtt þessa tækni en enginn vill láta þetta sjást á húsinu sínu. Innviðmál sem er áhugavert að taka fyrir.

Hvernig nýtist upplýsingatækni þegar hús er hannað? Það er ekki hugað nógu vel að þessum málum.



Ólafur: Það eru umræður í gangi um 5G, það verður bylting en mun þurfa mun fleiri senda. Kongsberg er tilraunastaður.

5. Græn pólitík – greinar í blöðin

Kannski eru **grænir hvatar** eða **grænar fjárfestingar** áhersluatriði fyrir árið 2019?

Umfjöllun um verkefni Ragnars á Grænlandi.

Gyða og Þórhildur – Grein um viðmið fyrir vistvænar byggingar.

6. Starfsáætlun 2019 stjórn – Framkvæmdastjóri/árangursmat 2018

Þema í umræðu fyrir næsta ár:

Ættum að setja fram nokkur sterk þemu og velja úr þeim, kannski tvö þemu fyrir næsta ár, 2019?

Grænir hvatar
Grænar fjárfestingar

Þórhildur leggur fram starfsáætlun fyrir næsta ár – stjórnin fer yfir og gerir athugasemdir.

Yfirmarkmið starfsársins 2018:

Skjal frá Gyðu.
Farið yfir hvað við höfum náð að klára.

1. Hlutverk stjórnar og stjórnarmanna skilgrein.
Megum vinna betur í því – ábyrgðarskipting skírari.

7. Fundir með sveitarfélögum
Ekki búið að ræða við öll sveitarfélögin. Áframhaldandi vinna.

9. Búa til lista yfir möguleika á lokaverkefnum. Mætti vinna í því. Sendum fyrirspurn á HR.

Þurfum að búa til nýtt markmiða skjal.

Það þarf að hafa það inn í starfsáætluninni að það er krafist töluverðra vinnu af stjórninni á næstunni. Þurfum að sækja fram.

Vinnuframlag frá nemenda – þurfum að skoða það á nýju ári.

Hvað eru aðilarnir að greiða fyrir? Viljum við að orkan fari í græna pólitík og greinarskrif eða styrkaðildir að erlendum verkefnum. Það þarf að huga vandlega að því hvar félagið vill beita sér.



7. WGBC – strategy

8. Annað

Ragnar fræðir okkur um **Levels (stig)**

Sett fram af Evrópusambandinu

Verkefni sem WGBC (Evrópuvettvangurinn) er búið að vera að vinna að.

Danir, Finnar og Norðmenn eru að testa þetta verkefni. Gætum við gert slíkt hið sama?

Vísar um sjálfbærni íbúðar- og skrifstofuhúsnæðis. Það eru dregin saman algengustu mæligildin fyrir sjálbærar byggingar.

Megin áherslan er lögð á umhverfisframmistöðu. Jafnframt áhersla á heilsu og þægindi.

Þessu er skipt upp í fjóra meginflokka.

Macro (orka, efnisnotkun, úrgangur, loftgæði)

Kjarnavísar (almennir vísar til að ná þessum markmiðum)

Síðan eru þeir að kynna nýtt tæki fyrir vistferilsgreininar. Þetta er svona „benchmark system“.

Í þessu er hvatning fyrir vistferilshugsanir, bæði LCA og LCC.

Ragnar hefur áhuga á setja saman framhaldsnámskeið sem hann var með hjá Endurmenntun síðasta vor, um sjálfbærni í byggingariðnaði. Hægt að taka það námskeið á næsta stig.

Væri áhugavert að fá fólk frá ráðuneytunum á það námskeið.

Ættum kannski að þíða Levels yfir á íslensku.

Ragnar bíður fram fræðslu fyrir Grænni byggð, fara til aðildafélaga og kynna hugtakið sjálfbærni í byggingariðnaði. Það þarf að leggja áherslu á miðlun og kennslu. Frábært framtak hjá Ragnari.

Það er spennandi ár framundan hjá Grænni byggð, mörg verkefni og áskoranir til að takast á við.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 17. janúar á skrifstofu Búseta.

Fundi slitið: 16:00